

Sigfúsi Jónssyni á Undirfelli, verði endrgoldin af tekjum Tjarnarkirkju 200 rd. af skuld þeirri, er kirkja þessi er í við hann, og að þessi 200 rd. — tvö hundruð ríkisdala — verði smátt og smátt færð til sem gjald í ársreikningum kirkjunnar, þannig, að prófastrinn ákveði, hversu mikið, með tilliti til hinna nauðsynlegu útgjalda kirkjunnar, skuli endrgoldið á hverju ári.

63
23öja
febrúar
1874.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með bréfi 11. f. m. hefir sýslumaðrinn í Eyjafjarðarsýslu tjáð mér, að hann hafi í bréfi til varaþingmanns Páls Magnússonar á Kjarna, látið það álit í ljósi, að lestagjald sé eigi lögbodid fyrir þau skip, er einungis flytja fólk frá höfnum landsins, og óskað leiðbeiningar minnar um það, hvort nokkurs sérstaks skyldi vera að gæta við slík fólksflutningsskip.

64
25ta
marts
1874.

Í tilefni hér af skal eg hafa yðr herra amtmaðr umbeðinn að kynna nefndum sýslumanni það, er nú segir:

Það er fyrirskipað í 4. grein laga 15. apríl 1854, að greiða eigi lestagjald af öllum skipum, sem flytji hingað eðr hédan vörur, og það er varla hugsandi, að menn skyldu geta staðið sig við að senda tóm skip hingað til að sækja útferðarmenn. Það verðr því, ef það skyldi verða borið fyrir, að fólksflutningsskip hefði engar vörur meðferðis, skylda lögreglustjórans að ransaka sem nákvæmlegast, rækilegast og stranglegast, hvort þessi viðbára sé sönn, sumpart með því að skoða skipsskjölin og sumpart með því að fara um borð í skipið og láta sýna sér það. Reynist þá, að nokkuð af lestarúmi skipsins sé upptekið af vörum, verðr að heimta lestagjald af öllu skipinu. Með tilliti til þeirra manna sem ætla út, er það skylda lögreglustjórnarinnar að sjá um, að þeir verði eigi sviknir af eigingjörnum »agentum«, og verðr því að heimta skýrslu af þeim mönnum, er útvega landsmönnum far til að flytjast af landi burt, um hin einstöku atriði í samningum þeim, er samdir verða um burtflutninginn, og að veita ferðamönnum alla mögulega aðstoð gegn »agentunum«, ef þeir þykja ofhaldnir. Þar að auki á lögreglustjórnin að hafa eptirlit með skipi því, sem ætlað er til flutningsins, sjá um að það verði eigi ofhlaðið ferðamönnum, að alt sé sem þrífalegast á skipinu, og að ekkert það sé á því, sem geti spilt heilsufari ferðamanna, og á lögreglustjórnin með tilliti hér til að leita ráða læknis, ef kostur er á því. Að öðru leyti verða sjálfsagt eigi settar nákvæmar reglur um skyldur lögreglustjóra gagnvart fólksflutningum. Mest er komið undir röksemd og lagi hlutadeigandi embættismanns.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með bréfi 24. febrúar þ. á. hafði þér herra amtmaðr sent mér bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, þar er hann eptir tilmælum hreppstjóranna í Akrahreppi áfrýjar úrskurði yðar frá 1. sept. f. á. um, að Jón smiðr Jónsson á Akreyri eigi rétt til framfærslu af nefndum Akrahreppi.

65
18da
apríl
1874.

Mál þetta er þannig undirkomið: Eptir að nefndr Jón smiðr ásamt 2 öðrum mönnum vorid 1869 hafði farið þess á leit í bréfi til bæjarstjórnarinnar, að sér yrði útvegud litil matbjörg lánuð, þar til hagr hans kynni að batna, var ákveðið á bæjarstjórnarfundi að veita honum styrk úr fátækra sjóði, og var þar eptir úr þessum sjóði 24. marts 1869 eptir að 2 þar til kvaddir menn höfðu skoðað lífbjörg hjá honum og fundið hana ónóga, lánaðr honum kornmatr og peningar fyrir kjöt als 10 rd. 4 mrk. 8 sk. Þegar 30. s. m. krafðist bæjarstjórnin endrgjalds á þessum styrk af Akrahreppi og innfærði í reikning sinn þar að auki